

55
1. marts
1867.

Þótt eg nú ekki að sinni vilji gjöra heinlínis uppástungur eða ákvarðanir um þetta mál, hefir mér þó þótt full nauðsyn á, að láta yðr í ljósi skoðun mína á því, og bið yðr herra prófastr, að hafa vakandi auga á því í yðar prófastsdæmi, að sjóðum kirkna sè borgið, þareð það verðr yðar ábyrgðarhluti, ef kirkjurnar nokkurs í missa fyrir afskiptaleysi yðar, og til að koma í veg fyrir þetta, álit eg, eins og áðr er sagt, eitthvert hið bezta meðal, að koma svo miklu af sjóðunum, sem unt er, einkum við prestaskipti, á vöxti móti fulltryggjandi veði, þar sem þeirra ekki þarf við í bráð til aðgjörðar eða endrbyggingar kirkna, en það leiðir af sjálfu sèr að hlutaðeigandi sóknarprestar á meðan njóta vaxta af þeim, eins og að þeir mega halda sjóðunum hjá sèr, ef þeir setja nægilegt jarðarveð fyrir þeim, og vilduð þèr í skýrslu yðar um ástand og fjárhag kirkna í yðar prófastsdæmi eptirleiðis ár hvert tilkynna mér, hvar sjóðirnir eru geymdir, hvort þeir eru hjá prestunum sjálfum eða settir á vöxtu, og yðr höfuð hvort þèr hafið fulla vissu fyrir, að þeim sè borgið, eða hvort yðr í því efni hefir þótt nauðsynlegt að gjöra nokkra sérlega ráðstöfun.

56
23. oktbr.
1868.

Bréf biskups (til allra prófasta).

Í tilskipun 29. maí 1744, 13. grein er það boðið, að prestar í hinum minni sóknum hafi 2 og í hinum fjölmennustu 4 meðhjálpara, sem eiga að vera prestinum til aðstoðar og ráðaneytis í öllum kirkjulegum málefnum, og einkum líta eptir barnauppsræðingu með þeim. Þessa meðhjálpara eiga prestarnir að kjósa sèr með prófasts vitund af hinum beztu og áreiðanlegustu sóknarbændum, og má enginn skorast undan að takast meðhjálparaembættið á hendr, sbr. líka tilsk. 27. maí 1746, 4. gr.

Þessar lagaákvarðanir, sem enn eru í fullu gildi, geta verið prestum til svo mikils lættis í embættisfærslunni, að hver sá prest, sem gjörir sèr ljósa hugmynd um köllun sína og lætr sèr ant um að gegna henni rækilega, hlýtr að sjá nytsemi þeirra og ætti því að færa sèr þær sem bezta í nyt. En því miðr mun það allviða eiga sèr stað, að prestar hafa ekki nema 1 meðhjálpara, jafnvel í fjölmennum sóknum, og hafa með tímanum mist sjónar á þeirri mikilvægu þýðingu, sem löggjafinn hefir ætlað til að meðhjálparaembættið hefði, þar sem menn nú skoða embætti þeirra næstum eingöngu innifalið í því, að skryða prestinn og aðstoða hann við messugjörðina. Að því er snertir meðhjálparaötluna, þá liggir það í augum uppi, hversu það er óhagkvæmt að hafa ekki nema 1 meðhjálpara í nokkurri sókn, því fatlist hann á einhvern hátt, getr þar að rekið, að prestrinn komist í vandræði, auk þess sem það getr vakið tregðu og óvilja hjá mönnum að takast þetta embætti á hendr, þegar þeir þurfa, hvernig sem ástendr fyrir þeim, að fara til kirkju, hvenær sem messað er, í stað þess að skoða þetta embætti sem heidrsstöðu í söfnuðinum, eins og það í raun rætti er, og sú skoðun hlýtr einnig að ryðja sèr til rúms, þegar meðhjálparar, eru fleiri, og þannig er af létt þeim erfiðleikum, sem fyrir hinn eina eru stöðu þessari samfara, og eptir því sem sú meðvitund verðr almennari, að einhverjir hinir heidvirdustu menn sèu til þessa kjörnir. Það hlýtr enn fremr og að liggja í augum uppi, hve ómetanlegan lætti og liðveizlu prestarnir á þennan hátt geta fengið hjá hinum beztu mönnum í sókninni hvort heldr þeir vilja afstýra einhverri óreglu eða koma einhverju góðu til leiðar, þar sem meðhjálpararnir í öllum slíkum málum eiga að vera þeirra önnur hönd, og prestarnir þannig eiga kost á því í *embættis nafni* að kveðja helztu menn safnaðanna sèr til ráðaneytis. Með þessu móti myndast í hverjum söfnuði nokkurskonar sóknarráð, sem geta haft heillarík áhrif á kirkjuleg málefni og á mentun og framfarir safnaðanna.

Af þessum ástæðum vil eg hérmeð þenustusamlega biðja yðr, herra prófastr, að grenslast eptir því hjá sóknarprestunum í yðar prófastsdæmi, hvernig ástatt er með meðhjálpara-

tölu á hverjum stað, og legg eg svo fyrir, að í hverri sókn, þótt fámenn sè, sèu 2 meðhjálparar, en sèu yfir 300 manns í sókninni, þá að minsta kosti 3 auk forsöngvara, sè hann ekki einnig meðhjálpari, og vilduð þèr þóknanlega annast um, að þetta skipulag komist sem fyrst á í prófastsdæminu, og að prestarnir tilkynni yðr bæði, hverjir nú eru meðhjálparar í sóknum þeirra og hverjum þeir kunna við að bæta, og eiga þeir að gefa meðhjálpurunum erindisbréf, ef þeir óska þess; en skýrslu um nöfn og heimili allra þessara heiðrsmanna óska eg að fá frá yðr á sínum tíma. Að endingu bið eg yðr að birta öllum prestum yðar þetta bréf mitt, en þeir birti það aptr söfnuðum sínum.

56
23. oktbr.
1868.

Bréf biskups (til allra prófasta).

Eptir ósk prófestsins í Árnessýslu og presta þar, hefi eg kastað upp hjálögðu formi til erindisbréfs fyrir meðhjálpara, og bið eg yðr herra prófastr, að láta það berast milli prestanna í yðar prófastsdæmi, svo að þeir geti haft það sér til hliðsjónar og notað úr því það sem þeim sýnist.

57
19. apríl
1869.

Erindisbrèf

fyrir N. N. til að vera meðhjálpari í N. sókn.

Eg N. N.

gjöri heyrum kunnugt: að eg með þessu bréfi mínu kys N. N. fyrir meðhjálpara minn í N. sókn, og skal hann trúlega gæta allra þeirra skyldna, sem lögin leggja meðhjálpurum á herðar, og aðstoða mig að því leyti honum getr borið í embætti mínu bæði utan kirkju og innan. Hann skal jafnan gæta þess, að alt fari reglulega fram í kirkjunni bæði við messugjörð, barnaspurningar og hver önnur embættisverk, sem eg þarf þar að vinna, og annast um hringingar, messuskrúða, sálmaþækr og annað það, er til messugjörðarinnar heyrir, meðan á henni stendr, eptir minni fyrirsögn. Einnig skal hann hafa gætr á því, að á helgum dögum sé engin óregla framin fyrir eða eptir messu á kirkjustaðnum, og tilkynna mér jafnskjótt, ef hann verður var við eitthvað þess háttar, sem hann getr ekki sjálf afstýrt. Sömuleiðis skal hann af fremsta megni vera mér hjálplegr til að viðhalda reglu og efla siðgæði í söfnuðinum, og tilkynna mér ef hann verður var við nokkurt hnexli í sókninni. Eins og hann sjálf á að vera öðrum til góðrar fyrirmyndar, eins ber honum og að vera mér hjálplegr í að koma í veg fyrir drykkjuslark og aðra óreglu á helgum dögum og endranær, bæta samlyndi hjóna og efla ungdómsins uppfræðingu, og ætíð vera fús á að leggja það gott til, sem hann getr, þegar eg kveð hann til ráðaneytis í kirkjulegum málefnum. Yfir höfuð á hann að sýna það í orði og verki, að hann sé einhver hinn bezti og heiðvirdasti maðr í sókninni, og að hann fyrir þá skuld sé af mér kallaðr til þessarar heiðrssstöðu í söfnuðinum og svari til þess.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með heidruðu bréfi 13. f. m. hafði þér herra amtmaður tjáð mér ummæli þau, er eg hafði beiðst, um þrætu þá, er gjörst hefir meðal Þorkelshóls og Sveinstaðahrepps í Húnavatnssýslu um framfærslu Magnúsar nokkurs Guðmundssonar, bónda á Auðunnarstöðum, og er krafa Þorkelshólshrepps í máli þessu samkvæmt bréfi hreppstjórans 20. júlí 1867, að Magnús verði dæmdr þurfamaðr Sveinstaðahrepps, og að hreppr þessi verði skyldaðr til bæði að veita Magnúsi allan nauðsynlegan styrk framvegis og sömuleiðis endrborga Þorkelshólshreppi allan þann styrk, sem hann hingað til hefir veitt honum, og sem nú er orðinn að upphæð alls 62 rd. 72 sk.

58
30sta
septbr.
1873.

Málsaðilum ber saman um, að Magnús sè fæddr í Sveinstaðahreppi, og kom á vinnu-